



**76. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 26. júní 2023
og hófst hann kl. 14:00**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri og Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþróttá- og æskulýðsstjóri.

Fundargerð ritaði: Bylgja Borgþórsdóttir, íþróttá- og æskulýðsstjóri

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir því að nýtt mál yrði tekið fyrir fundinn og var það samþykkt samhljóða. Málið hefur málsnúmer 202306163. Áheyrnarfulltrúar grunnskóla Arna Magnúsdóttir, Þorbjörg Sandholt og Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir sátu 1. lið. Áheyrnarfulltrúar leikskóla Guðmunda Vala Jónasdóttir, Bryndís Björt Hilmarsdóttir og Ragnhildur Kristjánsdóttir sátu 2. lið. Marta Wium Hermannsdóttir leikskólafulltrúi og Stefanía Malen Stefánsdóttir grunnskólafulltrúi sátu 1. - 2. lið. Helga Þórarinsdóttir, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra, sat 1.-5. lið.

Dagskrá:

1. 202306121 - Umsókn um skólavist utan sveitarfélags

Fyrir liggur umsókn um skólavist utan sveitarfélags.

Fjölskylduráð hafnar erindinu og fræðslustjóra er falið að svara umsækjanda í samræmi við niðurstöður fundarins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202306010 - Endurskoðun á reglum leikskóla í Múlapingi

Fyrir liggja uppfærðar reglur leikskóla í Múlapingi.

Fjölskylduráð hefur endurskoðað reglurnar frá síðasta fundi ráðsins og eru gerðar nokkrar breytingar. Foreldrar geta sótt um að fá vistun fyrir yngstu börnin í 8 tíma, hægt verður að sækja um vistun á milli jóla og nýárs og áfram verður hægt að sækja um vistun í fimmtu viku þegar hefðbundin lokun er vegna sumarleyfa. Breytingar eru einnig gerðar á lágmarksfjölda barna í fimmtu viku sumarleyfis og á milli jóla og nýárs.

Fjölskylduráð mun taka upp fjárhagsáætlun 2023 og ramma fjárhagsætlunar 2024 á haustmánuðum og skipulag Betri vinnutíma til að bæta við breytingum í kostnaði og skólastarfi samfara þessari reglusetningu.

Samþykkt með fjórum atkvæðum (SG, GBH, GLG, ES), tveir sitja hjá (BE, JHP) og einn á móti (AMS).



3. 202303224 - Tillögur að frístundaþjónustu í Múlaþingi

Fjölskylduráð samþykkir að farið verði af stað með heilsárs frístundaþjónustu fyrir fötluð börn í Múlaþingi frá og með næsta skólaári, eða eins fljótt og verða má, og að þjónustan heyri undir fjölskyldusvið, íþrótt- og æskulýðsstjóra.

Fjölskylduráð felur starfsfólki ráðsins að vinna drög að reglum og gjaldskrá fyrir frístundaþjónustu og leggja fyrir ráðið svo fljótt sem verða má. Húsnæði grunnskóla og félagsmiðstöðva verði nýtt undir starfseminum eins og hægt er.

Ráðið samþykkir einnig viðauka í fjárhagsáætlun ársins 2023 vegna íþrótt- og æskulýðsmála, vegna frístundaþjónustu fatlaðra barna í Múlaþingi, samtals kr. 10.376.000 sem inniber 1 stöðugildi tómsunda- og félagsmálafræðings og 2,5 stöðugildi frístundaleiðbeinanda og annan kostnað í 4,5 mánuði. Fjölskylduráð samþykkir einnig að fjárhagsrammi Íþrótt- og æskulýðsmála verður hækkaður um kr. 34.995.000 vegna fjárhagsáætlunar ársins 2024. Sem inniber 1 stöðugildi tómsunda- og félagsmálafræðings, 2,5 stöðugildi frístundaleiðbeinanda og annan kostnað.

Fjölskylduráð samþykkir einnig að 2 stöðugildi hjá félagsþjónustu vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna verði tekið út úr fjárhagsramma fyrir árið 2024.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202306116 - Virkni ungra íbúa í Múlaþingi

Lagt fram til kynningar.

5. 202305223 - Beiðni um viðbótarstöðugildi vegna mannauðsmála á fjölskyldusviði

Fjölskylduráð tekur jákvætt í erindið en vísar því til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar í haust.

Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá (JHP, ÁMS).

6. 202208143 - Fjárhagsáætlun umhverfis- og framkvæmdasviðs 2023-2032

Undir þessum lið mætti Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri. Er Hugrúnu þakkað fyrir greinargóð svör.

Fjölskylduráð er að mestu sammála þeirri forgangsröðun sem er í 10 ára fjárfestingaáætlun sveitarfélagsins og leggur til eftirfarandi forgangsröðun:

1. Fellavöllur endurnýjun á gervigrasi með úðunarkerfi
2. Seyðisfjarðarskóli, framtíðarhúsnæði
3. Borgarfjörður, líkamsræktaraðstaða
4. Nýr leikskóli á Egilsstöðum
5. Íþróttamiðstöð á Egilsstöðum - nýir sundklefar
6. Djúpavogsskóli, stækkun
7. Fellaskóli, stækkun
8. Húsnæði Tónlistarskólans á Egilsstöðum
9. Uppbygging knatthúss Egilsstöðum



Fjölskylduráð vill að skoðuð verði framtíðarlausn vegna félagsmiðstöðva á Djúpvogi og Seyðisfirði og skoðað hvort hún gæti tengst nýbyggingum grunnskólanna eða leitað verði að öðru hentugra húsnæði.

Varðandi uppbyggingu á Vilhjálmsvelli þarf að skoða betur þörfina fyrir stækkun á vallahúsnæði með tilliti til fyrirhugaðs nýs íþróttasvæðis. Nauðsynlegt er hins vegar að bæta úr salernisaðstöðu á Vilhjálmsvelli sem fyrst.

Eins telur fjölskylduráð mikilvægt að mótuð verði stefna varðandi framtíðarlausn sundaðstöðu á Seyðisfirði.

Samantekt á forgangsröðun fjölskylduráðs verður send til umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

7. 202306147 - Erindi, ræktaraðstaða á Borgarfirði

Fyrir liggur erindi frá Óttari Kárasyni fyrir hönd UMFB, sem barst í tölvupósti 21. júní 2023, þar sem lýst er yfir áhuga á því að gerð verði varanleg líkamsræktaraðstaða á Borgarfirði.

Fjölskylduráð þakkar erindið og tekur undir að mikilvægt sé að aðstaða til líkamsræktar sé á Borgarfirði. Uppbygging aðstöðu til líkamsræktar er framarlega í fjárfestingaráætlun en skoða þarf, í samráði við framkvæmdasvið, hvort hægt sé að hraða þeim framkvæmdum.

Fjölskylduráð felur starfsmanni að setja sig í samband við fulltrúa á framkvæmdasviði varðandi málið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. 202209258 - Reglur um styrk Múlapings við afreksíþróttafólk

Fyrir liggja uppfærðar reglur vegna styrks Múlapings til afreksíþróttafólks.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirliggjandi reglur.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

9. 202209205 - Gjaldskrár 2023

Bylgja Borgþórsdóttir íþrótt- og æskulýðsstjóri Múlapings, kynnti nýtt greiðsluferfi sem verið er að innleiða í íþróttamannvirkjum Múlapings. Vegna þessa eru lagðar fram tillögur um einföldun á gjaldskrár er snúa að forminu til en ekki breytingu á verði.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirliggjandi breytingar á gjaldskrár íþróttamannvirkja.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



10. 202306163 - Málefni fatlaðs fólks í Múlaþingi.

Fjölskylduráð beinir því til sveitarstjórnar Múlaþings að koma á fundi með félags- og vinnumarkaðsráðherra til að ræða málefni fatlaðs fólks í Múlaþingi.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

